

**Ed.**

**44. Frumvarp**

til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa, utan kaupstaða.

Flutningsm.: Jón Porláksson, Ingibjörg H. Bjarnason, Jónas Kristjánsson.

1. gr.

Sýslufjelög, hrepps-fjelög og orkuveitufjelög samkvæmt XI. kafla vatnalaganna skulu, þá er þau vilja koma upp raforkuveitu til almenningsþarfa í umdæmi sínu, njóta til þess aðstoðar og hlunninda samkvæmt þessum lögum.

2. gr.

Þá er sýslunefnd, hreppsnefnd eða frumkvöðlar fjelagsstofnunar, samkvæmt 101. gr. vatnalaga, æskja þess, skal ríkisstjórnin láta hæfan kunnáttumann framkvæma rannsókn á því, á hvern hátt sje hagkvæmast að fullnægja þörf

umdæmisins á raforku til almenningsnota, þar á meðal til lýsingar, heimilisiðju, matreiðslu og hífýlahitunar. Lítist kunnáttumanni tiltækilegt að fullnægja þörfinni með vatnsorku eða jarðhitaorku, skal hann gera um það frumdrætti og kostnaðaráætlanir og leiðbeina aðiljum á allan hátt um undirbúning framkvæmda í málinu. Hlutaðeigendur greiða kunnáttumanni ferðakostnað innanhjæraðs og dvalarkostnað þar, svo og allan kostnað við aðstoð til mælinga þar á staðnum, en að öðru leyti skal greiða kostnaðinn úr ríkissjóði.

### 3. gr.

Í kostnaðaráætlun kunnáttumanns um raforkuveitu til almenningsnota skulu fullkomlega aðgreindir þessir 3 liðir stofnkostnaðar:

- a. Orkuver með öllu tilheyrandi, þar með spenntæki orkuvers. Nú á aðili kost á að kaupa raforku frá áður gerðu eða fyrirhuguðu orkuveri, án þess að honum sje ætlað að leggja fram stofnkostnað þess, og skal þá í stað áætlunar um stofnkostnaðinn koma greinargerð og áætlun um kaupverð orkunnar.
- b. Veitutaugar um orkuveitusvæðið, frá orkuveri að spennistöðvum notenda í sveitum, en að takmörkum verslunarlóða, ef verslunarstaðir eru innan veitusvæðisins.
- c. Heimtaugar og innanbæjartaugar. Á sveitabýlum og í smáþorpum með einni spennistöð telst hjer undir spennistöðin sjálf og taugar frá henni til notanda eða notenda en í verslunarstöðum og stærri þorpum, þar sem spennistöðvar eru fleiri en ein, teljast hjer til spennistöðvarnar sjálfar, allar lágspennutaugar frá þeim til notenda, og þær háspennutaugar, sem liggja milli spennistöðvanna eða innan takmarka verslunarlóðar.

### 4. gr.

Fjárútvægum fyrir raforkuveitur til almenningsþarfa, sem gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skal venjulega byggð á því, að orkuver, ef það er eigi fyrir hendi, og veitutaugar, svo sem segir í 3. gr. a- og b-lið, verði eign sýslufjelags, hrepps-fjelags eða orkuveitufjelags. Hinsvegar skulu eigendur fasteigna í umdæminu leggja sjálfir fram kostnað við heimtaugar og innanbæjartaugar samkvæmt 3. gr. c., og skulu þeir eiga kost á lánum til þessa á sama hátt og með sömu kjörum og lán verða veitt til að koma upp raforkustöðvum fyrir einstök býli.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, eftir tillögum kunnáttumanns, að leyfa tilbrigði frá ákvæðum þessarar greinar, ef forráðamenn hlutaðeigandi orkuveitu óska þess.

### 5. gr.

Nú verður ákveðið eftir undangengna raunsókn samkvæmt 2. gr. og eftir tillögum kunnáttumanns að ráðast í orkuveitu til almenningsþarfa fyrir svæði, sem tekur yfir heilan hrepp hið minsta, og leggur ríkissjóður þá sem styrk til fyrirtækisins alt að þeirri upphæð, er aðkeypt efni til veitutauga samkvæmt 3. gr. b. kostar flutt á land hjer. Innan þessara takmarka ákveður ráðherra framlagið eftir tillögum kunnáttumanns á þeim grundvelli, að notendur orkuveitunnar

í sveitum þess umdæmis fái ekki erfiðari aðstöðu um heildarkostnað fyrir orku-  
notin en þeir mundu fá, ef hver fyrir sig ætti kost á meðallagi hagkvæmri vatns-  
orku heima fyrir og virkjuðu hana til heimilisparfa.

#### 6. gr.

Skilyrði fyrir framlagi ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. skulu vera þessi:

1. Að eigi sje gerður neinn mismunur á verði orkunnar til notenda vegna mis-  
munandi fjarlægðar þeirra frá orkuverinu.
2. Að flutningskostnaður frá næstu höfn á efni til orkuvers og veitutauga (sbr.  
3. gr. a. og b.) sje lagður fram af hlutaðeigendum, án þess að hann þurfi  
að hvíla á fyrirtækinu sem skuld.
3. Að um framkvæmd verksins, viðhald þess og starfrækslu sje farið eftir þeim  
reglum, sem ráðherra setur eftir tillögum kunnáttumanns.

#### 7. gr.

Eftir sömu reglum, sem segir í 2. gr., leggur ríkisstjórnin til kunnáttu-  
menn til þess að gera fullnaðardrætti, annast útboð og hafa á hendi forstöðu  
framkvæmda og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem unnar verða í samnings-  
vinnu, alt þetta að því er snertir raforkuveitur, sem gerðar verða samkvæmt  
þessum lögum.

#### 8. gr.

Meðan vegamálastjóri er verkfræðilegur ráðunautur atvinnumálaráðherra  
um vatnamál samkvæmt vatnalögum, skulu kunnáttumenn þeir, er ræðir um í  
lögum þessum, vera vegamálastjóri og verkfróðir aðstoðarmenn hans.

#### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Á síðari árum er vaknaður mikill áhugi í ýmsum hjeruðum í þá átt að  
koma upp raforkustöðvum til heimilisnota í sveitum. Eru slíkar stöðvar sem  
stendur komnar upp á eitthvað 30 til 40 býlum á að giska, og fer nú óðum  
fjölgandi, síðan unt varð að fá lán til þess að koma þeim upp með þolanlegum  
kjörum (úr Ræktunarsjóði). Orkuver þessi eru venjulega 3 til 5 kílóvött að stærð,  
eða nokkuð þar yfir, og nægja heimilinu til ljósa, matreiðslu og nauðsynlegustu  
herbergjahitunar. Finna menn mjög til þess, hve miklu þægilegri lífskjörin verða  
á þeim heimilum, sem geta komið sjer upp slíkum stöðvum, einkanlega að því  
er snertir innivinnu kvenna, en þar við bætist beinn hagnaður og auknir rækt-  
unarmöguleikar, af því að áburðarins er ekki lengur þörf til eldsneytis.

En nú er það fullvíst, að almenn úrlausn þessa máls getur ekki orðið  
sú, að sjerhvert býli á landinu komi sjer upp orkuveri til eígn nota. Þessu til  
sönnunar nægir að benda á það, að efalaust er það ekki nema minnihluti nú-  
verandi býla í landinu, sem á kost á nokkurn veginn nýtilegu fallvatni heima

fyrir til slíkrar heimilisvirkjunar. Má benda á það, að í viðáttumestu lágsveitunum eru ekki nema örfá býli, sem hafa aðstöðu til heimavirkjunar. Hinsvegar hefir gangur þessara mála víða erlendis orðið sá, að menn hafa byrjað á því að koma upp smástöðvum fyrir einstök heimili, eða fá saman, en síðan breytt til, komið upp stórum orkuverum og orkuveitum út frá þeim um víðlend svæði, og þá hafa smástöðvarnar verið lagðar niður, af því að eigendum þeirra hefir þótt betra að komast í samband við stóru orkuveituna og kaupa raforku af henni en að halda smástöðinni við áfram og reka hana.

Millipinganefndin í vatnamálum hafði rannsakað þetta mál talsvert og gerði ráð fyrir, að orkuveitur til almenningsþarfa mundu komast hjer á, og hafa vatnalögin að geyma ýms þau lagaákvæði, sem til þess eru nauðsynleg. Af fjárhagsástæðum hefir þó ekkert slíkt komist í framkvæmd ennþá, en oss flutningsmönnum virðist ekki rjett, að það dragist lengur að koma skriði á undirbúning og framkvæmdir. Í þeim hjeruðum, þar sem það vegna staðhátta getur ekki orðið alment, að hvert einstakt býli komi upp stöð handa sjer, er óheppilegt, að fjelagsframkvæmdir blíði, þangað til nokkuð margar smástöðvar eru komnar upp, því að við það missast fyrst um sinn þátttakendur frá fjelagsfyrirtækinu, og þótt það í sjálfu sjer muni í flestum tilfellum verða hagkvæmara fyrir þá að skifta við orkuveituna, þá munu þeir eiga erfitt með það vegna áhvilandi skulda heimilisstöðvarinnar.

Frumvarpið er bygt á grundvelli vatnalaganna, og hefir ekki þótt þörf að taka upp í það nein þau ákvæði hjer að lútandi, sem þegar eru til í vatnalögunum, sjá einkum 58. til 64. gr. þeirra laga.

Fyrsta nýmæli frv. er það, að ríkið leggi til ókeypiss verkfræðilega aðstöð við undirbúning og framkvæmdir á þessu sviði. Meiri hluti millipinganefndarinnar í vatnamálum lagði til, að skipuð yrði sjerstök vatnamálastjórn (sem ef til vill væri þó rjettara að nefna orkumálastjórn), en það þótti þá ekki tímabært, og heyra þessi mál því eins og stendur undir atvinnumálaráðuneytið og vegamálastjóra, samkvæmt 151. gr. vatnalaganna. Höfum við ekki viljað stinga upp á breytingu á þessu að svo stöddu.

Þá höfum vjer (í 4. og 5. gr.) stungið upp á tiltekinni tilhögun um fjárreiður slíkra fyrirtækja, með það fyrir augum, að kostnaðurinn geti skiftst á sem flestar hendur og fyrirtækin orðið sem viðráðanlegust. Hvort sem oss hefir tekist að hitta hjer hina heppilegustu úrlausn, eða önnur betri verður fundin, þá er þetta eitt hið allra þýðingarmesta atriði málsins, af því að í rauninni innifelur fjárhagsatriðið í sjer alla erfiðleika þessa máls. Takist mönnum að ráða þrautalaust fram úr fjárhagshliðinni, þá er hitt alt auðvelt. Uppástunga vor fer í þá átt, að einstaklingarnir (notendurnir) beri sjálfir kostnað þeirra mannvirkja, sem edlilegt má telja, að verði sjereign hvers býlis eða hverfis, og njóti til þess sömu aðstöðu um lán og annað eins og þeir njóta nú, sem koma upp heimilisvirkjunum, en að sjálfsögðu verður þessi kostnaður (spennistöð og heimtaug) miklu lægri á hvert býli en allur virkjunarkostnaður heimilisstöðvar. Þar næst er lagt til, að fjelagið (sýsla, hreppur eða orkuveitufjelag) eignist orkuver og háspennutaugakerfi, en rikissjóður leggi hjer til nokkurt framlag, og sje því varið eingöngu til þess að jafna aðstöðumuninn, sem fjarlægðirnar frá orkuverinu valda,

með þátttöku í kostnaðinum við háspennutaugarnar. Loks er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigendur annist flutninga á efni til veitutauga og orkuvers, til þess að skuld sú, sem stofnuð er vegna fyrirtækisins, geti orðið sem minnst. Oss er þó ljóst, að í einstökum tilfellum gæti orðið hentugra að haga skiftingu kostnaðar á annan veg, og stingum því upp á, að ráðherra verði heimilað að veita tilbrigði frá þessari skiftingu, ef hlutaðeigendur óska þess og kunnáttumaður mælir með því.

Að endingu skal þess getið, að svo getur staðið á, að hjerað eigi kost á raforku án þess að byggja til þess orkuver. Höfum vjer í því efni það sjerstaklega í huga, að bæjarstjórn Reykjavíkur er nú að athuga virkjun efra fallvatnsins í Soginu, til bæjarþarfa aðallega. Verði úr þeirri framkvæmd, gerum vjer ráð fyrir, að æskilegt væri að leita samvinnu við bæinn um kaup á raforku þaðan til almenningsþarfa í nærsveitum Sogsins og nærsveitum Reykjavíkur, ef menn vildu koma upp orkuveitum á þeim svæðum.

Oss er það ljóst, að frv. þetta er aðeins byrjun til löggjafar á þessu sviði, en ef það gæti orðið til þess að hrinda af stað undirbúningi og framkvæmdum í þessu mikla framfaramáli, þá er tilgangi vorum náð, og ávalt unt seinna meir að umbæta löggjöfina og auka við hana, eftir þeim þörfum, sem reynslan leiðir í ljós.